

Fundur 6.10.2025 Gordon, íbúi frá annarri frumlíf jörð.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Tala ég til ykkar úr mikilli stöð og fagna ég að ná sambandi þessu við ykkur, ætíð er það fagnaðarefni þegar samband kemst á milli framlífs hnattanna og frumlífs hnattanna, og er það ekki síður fagnaðarefni þegar frumlífs hnettirnir geta náð sambandi við aðra frumlífs hnetti.

Og er það mikið framfara skref og sigur skref fyrir okkur eins og ykkur, og viljum við gjarnan færa fram vísbendingar og með tímanum sannanir í þá átt að mannkyn ykkar megi ná sömu vísinda framförum og okkar, og mun það ekki vera mikill munurinn þar á milli.

Og mætti okkur auðnast að koma með aðstoð í þá átt, en ég verð að takmarka mál mitt við fáein svið svo orkan nægi.

Ekki eru margir áratugir síðan sæmilega stór hluti af almenningi fór að taka undir með okkur og þeim sem á undan okkur fóru í lífstefnumálunum með svipuðum lífstefnu kenningum og þið þekkið og takið undir.

Og var það til mikilla heilla fyrir okkar hnött, höfum við einnig fengið samband við Búrdlík, og fögnum þeim árangri sem þau hafa náð.

En hér í kvöld ætlaði ég að tala um framtíð ykkar jarðar og tengja saman örlög örlög minnar jarðar og velta því fyrir mér, hvort tenging sé þar á milli, en ekki er það fullvíst, en er það þó kenning margra hér á okkar jörð, og tengist það starfsviði mínu, því sem ég vinn við, og ætla ég nú ekki að fara út í annað en það sem ég undirbjó mig undir að tala um við ykkur.

En það er, ég er líffræðingur, veirulíffræðingur, höfum fylgst með því hvernig veira sú sem kölluð er Covíd 19, var send til jarðarinnar frá Jahve, og hvernig hún var send til okkar jarðar þar á undan, og hafði valdið nokkrum usla hér áður, og hvernig hún hefur þróast og hvort samhengi sé á þar á milli hvernig hún geti þróast hjá ykkur.

En þetta hefur valdið ljósi á atburði langt aftur í fortíðinni, sem mælitæki náðu ekki yfir, þar sem mannkyn okkar var ekki komið á hávísindalega braut frekar en ykkar mannkyn fyrir þeim öldum, og gefst því einstakt tækifæri til að rannsaka þróunarferli svona veira og tengja við aðra sjúkdóma í fortíðinni.

Og rétt eins og hjá ykkur hefur þetta verið skaðlítill sjúkdómur, en rétt eins og hjá ykkur, þá hefur hér einnig verið mótstaða gegn bóluefnum, en teljum við þó almennt séð að þau séu til bóta en ekki til skaða.

Það var ekki það sem ég ætlaði að ræða, heldur það sem kalla mætti tilviljunarkenndar stökkbreytingar á veiru þessari og hvort það sé mögulegt að Jahve og hans tæknilið komi þar að málum, þar sem sannað þykir að sumir fari verr út úr þessu en aðrir, og dekkri íbúar þessarar jarðar sloppið betur.

Og hefur af því alveg sérstaklega sprottið upp pólitísk hreyfing sem hefur haft áhrif á heimsvísu hér hjá okkur, og þó skal af því gætt að það er aðallega eldra fólk sem fer verr út úr þessum veikindum, en hér er allavegana gefin gaumur að því hvort að það sé meira en tilviljunarkennt hvernig þetta þróast, og einnig er það svo að hér er stillihópur í stjörnusambandsstöðvum sem vill aðstoða ykkur og minnka veikindi af þessum toga og öðrum.

En ég get nú ekki talað mikið lengur, nafn mitt er Gordon frá enskumælandi hluta þessa hnattar og er það ögn stærra land en á ykkar hnetti, en ég þakka fyrir mig og vona að það hafi verið gagnlegt þetta erindi og vona að okkur náist síðar að ná sambandi.

*Má ég spurja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Hvað er með þessi RNA-bóluefni sem sett eru í fólk, eru þau skaðleg eða það eru tvíbentar skoðanir þessara efna á mannslíkamann, það er ekki komið í ljós hverskonar afleiðingar þetta muni hafa á heiminn.*

Já þú kemur nú inn á soldið viðkvæmt og stórt mál, það er rétt hjá þér að það er einnig soldið umdeilt hér hjá okkur, það fer mjög tvennum sögum af því hvort að þetta sé alveg skaðlaust eða ekki, en þetta er vissulega notað hjá okkur.

En það er komið stærri mótspyrnu hreyfing gegn þessu og sumt sem bendir til þess að gömlu aðferðirnar séu hentugri og hættuminni, en að vísu er það að rannsóknir hafa sýnt það að lífræði manna sé mismunandi hvernig viðbrögðin eru við þessu, en ég get víst ekki farið mikið út í þetta að sinni, en ég þakka fyrir spurninguna og vona að ég hafi svarað þessu sæmilega.

*Já þakka þér fyrir.*

Já, verið þið sæl.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir, blessaður.*